

23. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 14. ágúst 2024 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Ævar Sveinsson, Björn Arnaldsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Ragnar Már Ragnarsson og Valgerður Kristmannsdóttir. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð. Baldvin Leifur, Vagn, og Matthías voru fjarverandi.

1) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Framkvæmdum við þekju og lagnir á Norðurtanga í Ólafsvík er að ljúka. Smá lokafrágangur er eftir við stigaljós og friholt.
- b) Endurbætur á hafnarhúsinu í Ólafsvík halda áfram. Unnið er við framkvæmdir innanhúss.
- c) Framkvæmdum við stækkun og hækkun á Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík er að mestu lokið. Eftir er að setja upp annan löndunrkрана, stigaljós og tengja vatns og raflagnir.
- d) Unnið er að undirbúningi vegna dýpkunar við gafl Trébryggju við Norðurtanga í Ólafsvík.
- e) Framkvæmdir við sjóvörn á Bardastöðum í Staðarsveit eru hafnar. Verið er að keyra kjarna úr grjótnámu fyrir ofan Rif. Að loknum þeim framkvæmdum verður unnið við sjóvörn við Keflavíkurgötu á Hellissandi.
- f) Verið er að vinna við hönnun vegna endurbyggingar og lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík. Gert er ráð fyrir að unnið verði við botnrannsóknir í ágúst – september n.k.
- g) Verið er að steypa nýja aðkeyrslu að Trébryggjunni við Gilbakka í Ólafsvík.
- h) Verið er að vinna við undirbúning vegna endurnýjunar á öllum pollum á Suðurpili í Ólafsvík.

2) Ævar fór yfir framkvæmdir:

- a) Sett niður ný rotpró fyrir neðan Hlíf á Hellissandi. 3 hús verða tengd við hana.
- b) Verið er að ganga frá umhverfinu í kringum leikskólann í Ólafsvík.
- c) Búið er að fá múrara til að fara í lagfæringar á gangstéttum.
- d) Skýlin fyrir grenndarstöðvarnar eru komnar á svæðið og stefnt á því að ljúka við uppsetningu í ágúst.
- e) Byrjað er að dreifa nýju ruslatunnunum í hús í Snæfellsbæ, ásamt plastkörfum og bréfkörfum fyrir lífrænt sorp.
- f) Það er búið að mála leikskólana í Ólafsvík og á Hellissandi að utan.
- g) Skipt var um gólfdukk á herbergi á leikskólanum á Hellissandi.
- h) Verið er að mála íbúðirnar í Engihlíð 16, gluggana og timburverkið.
- i) Búið er að leggja nýjan þakdukk á allt þakið á félagsheimilinu á Klifi.
- j) Búið er að panta nýtt gler í eldri hluta leikskólans í Ólafsvík.
- k) Verið er að ljúka við hönnun á lýsingu við Erró listaverkið

3) Matthías er í sumarfrí en sendi neðangreinda punkta:

- a) Vaðlaug vatn endurnýjað og hún þrífir
- b) Pottur A þrífir og vatn endurnýjað
- c) Pottur B þrífir og vatn endurnýjað
- d) Sauna tunna ofninn lagaður (fór í honum element)
- e) Gólf lagað og þrifið í sauna
- f) Flutningur á mörkum
- g) Þrif á stúkum
- h) Frisbívöllur sleginn

SJK. BA.
Orva

- i) Klór tekin fyrir sundlaug 1000L
- j) Allar síur í klór kerfi endurnýjaðar
- k) Tartan í sundlaugargarði þrifið
- l) Búið er að setja nýjan þakdúk á íþróttahúsið í Ólafsvík og verktakinn búinn að skila verkinu.

4) Ragnar fór yfir neðangreinda punkta vegna vinnu byggingarfulltrúa í sumar:

- a) Yfirferð og samþykkt teikninga
- b) Skráning fasteigna (lóðir og hús)
- c) Yfirferð eignaskiptasamninga og skráning þeirra.
- d) Útgáfa byggingarleyfa.
- e) Unnið að framkvæmdum og uppgjöri við leikskólann Ólafsvík og Hellissandi, grunnskólanum Hellissandi.
- f) Undirbúningur fyrir nýtt anddyri á Jaðri.

5) Smári/Valgerður fóru yfir ýmsar framkvæmdir:


- a) Undirbúin ný skólplögn í Rífi.

6) Kristinn fór yfir nokkra punkta:

- a) Götumálningu er lokið í sumar í þéttbýli. Áhersla var lögð á að mála gangbrautir.
- b) Í þessari viku verður lokið við vinnu innanhúss á nýbyggingu á Lýsuhóli og verður þá byrjað á frágangi að utan.
- c) Skipt var um ristarhlið á Breið.

7) Næsti fundur verður þriðjudaginn 3. september kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:25



Ragnar Arnarsson

~~Ragnar Arnarsson~~

Smári J. Lúðviksson

Valgerður Kristmannsd.

Ólaf Sveinn

